

Nefndasvið Alþingis  
B.t. Atvinnuveganefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 29. mars 2019

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum (endurskoðun samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktar og verðjöfnunargjöld), 646. mál.**

Samtök mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja, SMK, fengu ofangreint frumvarp sent til umsagnar. SMK gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.


Athugasemdir við einstakar greinar:

**1.-5. grein.** SMK gera ekki athugasemdir við þær greinar frumvarpsins sem snúa að því að framfylgja samkomulagi um breytingar á samningi um starfsskilyrði í sauðfjárrækt.

**6. gr.** fjallar um að fella niður gr. 85 A, sem heimilar ráðherra að greiða verðjöfnun við útflutning fullunninna vara sem innihalda innlend landbúnaðarhráefni til að jafna samkeppnisstöðu innlendra vara við útflutning. SMK eru þessu algerlega mótfallin. Í greinargerð kemur fram að framlag ríkisins til verðjöfnunar við útflutning sé óverulegt og einungis nýtt af fáum fyrirtækjum. Jafnframt að framkvæmdin sé tímafrek bæði fyrir umsækjendur og þá sem afgreiða umsóknir. SMK telja þetta ekki rök í fyrir því að fella heimildina niður. Þvert á móti ætti að einfalda framkvæmdina til að gera fleiri fyrirtækjum kleift að nýta sér hana og auka framlög ríkisins til málaflokksins. Það hvetur til notkunar innlendra landbúnaðarhráefna í iðnaðarvörur og styður við útflutning íslenskra iðnfyrirtækja.

Þá er vitnað til ákvörðunar 10. ráðherrafundar Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar WTO um að afnema útflutningsbætur fyrir landbúnaðarafurðir. SMK hafna þeim rökum þar sem ekki verður séð að sú ákvörðun, sem fjallar um landbúnaðarvörur, hafi áhrif á verðjöfnun við útflutning fullunninna iðnaðarvara sem innihalda landbúnaðarhráefni að hámarki 60%.

Virðingarfyllst,  
F.h. Samtaka mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja,

  
Eggert Árni Gíslason, formaður